

Flóahreppur

Skólastjóri

Flóahreppur óskar eftir að ráða skólastjóra grunnskólans Flóaskóla. Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga með metnað og einlægan áhuga á skólastarfi.

Umsóknarfrestur

29. maí 2017

Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Fagleg forysta skólans.
- Ábyrgð á framþróun í skólastarfi.
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5029

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun æskileg.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.
- Skipulagshæfni, góð yfirsýn og styrkur til ákvarðana.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er æskileg.



FLÓAHREPPUR

Flóaskóli var stofnaður haustið 2004 eftir sameiningu Gaulverjabæjarskóla, Villingaholtsskóla og Þingborgarskóla. Flóaskóli þjónar nemendum í 1.-10. bekk og eru nemendur 100 talsins. Áhersla er lögð á nemendamiðað nám og að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. List og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólastarfinu. Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu skólans: <http://www.floaskoli.is/>.